

## ÁGÆTI SJÓÐFÉLAGI

Með bréfi þessu viljum við kynna þér starfsemi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna á fyrstu sex mánuðum ársins. Eignir sjóðsins til greiðslu lífeyris námu 425 milljörðum í lok júní sl. samanborið við 402 milljarða í upphafi árs. Á fyrri árs helmingi 2013 skiluðu allir eignaflokkar jákvæðri ávöxtun, jafnt innlendir sem erlendir.

Ávöxtunartölur eru fyrir sex mánaða tímabil og eru hér ekki færðar upp til ársávöxtunar. Ávöxtun sjóðsins og verðbréfaleiðar í séreignardeild á fyrri árs helmingi var 4,5% sem samsvarar 2,1% raunávöxtun. Nafnávöxtun innlánsleiðar í séreignardeild var 3,3% sem samsvarar 0,9% raunávöxtun á tímabilinu.

## MEGINÞÆTTIR ÚR STARFSEMI Á FYRRI ÁRSHELMINGI 2013

**Greiðandi sjóðfélagar** voru um 43 þúsund á tímabilinu, þar af um 32 þúsund virkir sjóðfélagar, en það eru þeir sem greiða iðgjöld með reglubundnum hætti.

**Iðgjaldagreiðslur** námu 8,9 milljörðum sem er hækking um 5,8% miðað við sama tímabil á fyrra ári.

**Lífeyrisgreiðslur** námu 4,2 milljörðum og hækkuðu um 12,9% milli ára. Lífeyrisþegar voru tæplega 12 þúsund og hefur þeim fjölgað um 7,3% frá sama tímabili á fyrra ári. Útgreiddur lífeyrir skiptist þannig: Ævilangur lífeyrir 71%, örorkulífeyrir 21%, makalífeyrir 7% og barnalífeyrir 1%.

**Séreign:** Inngreiðslur námu 244 milljónum og útgreiðslur voru 158 milljónir. Að hluta eru útgreiðslur vegna tímabundinnar heimildar til úttektar séreignarsparnaðar.

**Lánveitingar til sjóðfélaga** námu 641 milljón og aukast milli ára.

**Fjárfestingar** námu samtals 32,7 milljörðum. Þar af námu fjárfestingar í innlendum skuldabréfum 13,7 milljörðum og í innlendum hlutabréfum 8,3 milljörðum. Aðrar fjárfestingar námu 10,7 milljörðum.

**Eignasafn sjóðsins** skiptist þannig í lok júní sl. að innlend skuldabréf námu 50% eigna, erlend verðbréf 28%, innlend hlutabréf 14% og bankainnstæður 8%.

Framhald á baksíðu

Tölulegar upplýsingar eru óendurskoðaðar þar sem ársreikningur sjóðsins er endurskoðaður um áramót.

# UPPLÝSINGAGJÖF TIL SJÓÐFÉLAGA

Við vinnum markvisst að því að auka upplýsingaflæði og fræðslu til sjóðfélaga. Upplýstur sjóðfélagi þekkir betur réttindi sín og stöðu hjá sjóðnum. Lífeyrissjóður verzlunarmanna kemur upplýsingum á framfæri við sjóðfélaga eftir fjölbreyttum leiðum.

## LIVE.IS

Live.is er miðstöð upplýsingagjafar okkar. Þar má nálgast fréttir og fróðleik á auðveldan hátt. Með því að skrá sig í áskrift á póstlista sjóðsins á **live.is** geta sjóðfélagar fengið með tölvupósti upplýsingar um helstu nýmæli í starfsemi sjóðsins, auk þess að fræðast um réttindi sjóðfélaga LV. Með einfaldri aðgerð er unnt að hlusta á allt textaefni vefsins.

## SNJALLVEFUR LIVE.IS

Sjóðfélagar geta nú skoðað vef sjóðsins í gegnum snjallsíma og spjalddölvu.

## SJÓÐFÉLAGAVEFURINN

veitir sjóðfélaga beinan aðgang að upplýsingum um lífeyrisréttindi sín, séreignarsparnað, greidd iðgjöld og stöðu lána. Sé lykilorðið gleymt er hægt að fá nýtt sent í heimabanka.

## EINSTAKLINGSBUNDIN RÁÐGJÖF

fyrir verðandi lífeyrisþega er nýjung sem mælt hefur vel fyrir. Sjóðfélagar sem nálgast lífeyrisaldur, fá bréf frá sjóðnum nokkru áður en þeir ná 65 ára aldri. Þar er þeim boðið að hafa samband og bóka tíma eftir eigin hentugleika hjá ráðgjöfum okkar til að afla sér nauðsynlegra upplýsinga um upphaf lífeyristöku. Einnig fá nýir sjóðfélagar bréf frá sjóðnum með gagnlegum upplýsingum.



Að lokum hvetjum við þig til að nýta vef sjóðsins til að fylgjast með starfseminni og lífeyrisréttindum þínum. Við hvetjum þig einnig til að hafa samband við okkur ef þig vantar nánari upplýsingar.

**Með kveðju,**  
Guðmundur Þ. Þórhallsson,  
framkvæmdastjóri